

Reykjavík 5. júní 2020
R200602016

Alþingi, nefndasvið
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: ***Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um drög að reglugerð um neyslurými, mál nr. 122/2020***

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fagnar því að frumvarp um neyslurými hafi verið samþykkt á Alþingi.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð vill koma á framfæri athugasemdum við nokkrar greinar reglugerðarinnar um neyslurými.

Í 7. gr. reglugerðarinnar er fjallað um þjónustu sem verður í boði í neyslurýmum. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð telur brýnt að notendum standi til boða að fá smokka í neyslurýminu. Það væri í samræmi við hugmyndafræði skaðaminnkunar þar sem notkun þeirra dregur úr líkum á HIV smitum og ýmissa kynsjúkdóma.

Í 8. gr. reglugerðarinnar er fjallað um aðstöðu neyslurýmisins. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð telur mikilvægt að það verði sett sem skilyrði fyrir rekstri neyslurýmis að staðsetningin sé í aðgengilegu húsnæði. Neyslurýmið verði útbúið með algilda hönnun að leiðarljósi svo það mæti þörfum notenda og/eða starfsfólks fyrir gott og hindrunarlaust aðgengi t.d. sökum hreyfihömlunar eða sjónskerðingar.

Í 12. gr. reglugerðarinnar er tilgreint að notendur skrái nafn, aldur, kyn og búsetu þegar þeir skrá sig í neyslurýmið. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð hefur áhyggjur af því að þetta ákvæði muni hafa fælingarmátt og grafa undan tilgangi úrræðisins vegna óljósrar réttarstöðu þessara einstaklinga og vantrausti í garð hins opinbera sem oft er til staðar innan þessa hóps þar sem að varsla vímuefna er ólögleg í núverandi lagaumhverfi.

Í 16. gr. reglugerðarinnar er tekið fram að starfsfólk neyslurýmisins skuli bera neyðarhnapp sem tengdur er lögreglunni til að nota telji þau sér ógnað af notanda neyslurýmis. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð telur mikilvægt að við þetta verði bætt að einnig skuli nota neyðarhnappinn komi til átaka á milli notanda og/eða notanda stafi ógn af öðrum notanda. Þetta er mikilvægt ekki síst í ljósi þess að konur í þessari stöðu eru mjög útsettar fyrir ofbeldi og ekki ólíklegt að þeim geti stafað ógn af öðrum notanda í neyslurýminu.